



BYGGÐASAFN HAFNARFJARÐAR
HAFNARFJÖRÐUR MUSEUM

MINNISBLAÐ

TIL: HARALDUR L. HARALDSSON, BÆJARSTJÓRI

FRÁ: BJÖRN PÉTURSSON, BÆJARMINJAVÖRÐUR

MÁLEFNI: RAFSÖGUSÝNING

DAGUR: 10.3.2016

CC:

Í framhaldi af afgreiðslu Bæjarráðs dags. 17. 12. 2015 og samtals okkar fyrir skemmstu legg ég fram eftirfarandi tillögu að afgreiðslu máls um rafminjasýningu í undirgöngunum undir Lækjargötu.

Á árinu 2016 (á 110 ára afmæli Hörðuvallavirkjunarinnar) verður verkefnið formlega sett af stað m.a. með því að unnið verður að hönnun, handritsgerð og undirbúningi sýningarinnar. Ég hef sett mig í samband við enska sýningafyrirtækið Javns (<http://www.janvs.com/~janvs/about/>) sem hannaði og smíðaði hernámssýninguna okkar fyrir nokkrum árum. Ef við munum skipta við það fyrirtæki, eða eitthvert annað sambærilegt, þá er heppilegast að semja á þeim nótum að þeir hanni sýninguna í ár en setji hana upp á næsta ári. Hönnunarkostnaður sýningar sem þessarar má ætla að sé 15% af heildarkostnaði verkefnisins. Sú upphæð yrði greidd að helmingi við upphaf verksins og að helmingi við endanleg skil tillagna sem við værum sátt við. Heildarkostnaður verkefnisins ræðst, eins og ég nefndi í fyrra minnisblaðinu, algerlega af því hve mikið við viljum leggja í það. Miðað við „eðlilegan“ metnað verður kostnaðurinn aldrei undir 6 milljónum þrátt fyrir að handritsgerðin og myndvinnslan verði unnin hér á safninu. Miðað við það má gera ráð fyrir að hönnunarkostnaður sem greiða þyrfti á árinu 2016 yrði um 900.000 kr.

Á árinu 2017 verður sýningin smíðuð og sett upp. Sökum aðstæðna í þessu sýningarými mun sýningin samanstanda af endurgerðum munum og leikmynd með vönduðum gínum. Sýningin og gripirnir á henni verða þá smíðaðir í York á fyrri hluta árs og fluttir til landsins og sýningin sett upp á vormánuðum. Skiptingin á greiðslunum það ár yrði eins og vegna hönnarkostnaðarins, helmingur greiddur út við upphaf verks og helmingur eftir að sýningin er kominn upp á sínum endanlega stað.